

246. fundur - 9. mars 2006

Fundur settur kl. 15:05. Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Þórður Jónsson, Guðmundur Ólafsson og Rebekka Eiríksdóttir. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp dagskrá. Samþykkt að bæta við einu máli frá sveitarstjóra undir dagskrárliðnum "önnur mál."

Var nú gengið til dagskrár.

### **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins**

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 245. fundar hreppsnefndar 9. febrúar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 28. febrúar. Rætt um að breyta félagslegri íbúð í Barmahlíðarbyggingu í hjúkrunarrými. Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að kanna málið. Fundargerð samþykkt.
- 3) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 1. mars. Greint var frá því að umsækjandi um stöðu leikskólastjóra hefði hætt við að koma. Fundargerð samþykkt.

### **Mál til afgreiðslu**

- 1) Vestfjarðavegur (nr. 60). Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 28. febrúar 2006. Kærufrestur er til 30. mars. Ákveðið að vísa úrskurðinum til umfjöllunar hjá umhverfis- og náttúruverndarnefnd. Boða verður til aukafundar í hreppsnefnd fyrir 30. mars og þarf álit umhverfis- og náttúruverndarnefndar að liggja fyrir fyrir þann fund.
- 2) Íbúaskrá Reykhólahrepps 1. desember 2005. Engar athugasemdir.
- 3) Beiðni um styrk vegna starfsemi Kómedíuleikhússins. Farið er fram á kr. 200.000,- Erindinu synjað.

### **Mál til kynningar**

- 1) Hjallar í Þorskafirði, tilkynning um afsal á eignarhluta dánarbús Halldórs Kristjánssonar í jörðinni.
- 2) Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á Reykhólum árið 2006. Gert er ráð fyrir verulegum framkvæmdum bæði í hitaveitumálum og rafmagnsmálum á árinu, enda hafa Reykhólar setið á hakanum í þessum efnum í mörg ár.
- 3) Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2005
- 4) 65. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð
- 5) 65. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum, fundargerð
- 6) 53. fundur heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, fundargerð
- 7) Fyrirhugað rannsóknarsetur við Breiðafjörð, ráðning forstöðumanns, fréttatilkynning.
- 8) Tilkynning um 51. fjórðungsþing Vestfirðinga sem verður haldið í Súðavík 1. og 2. september 2006.

### **Önnur mál**

- 1) Atburðadagatal Reykhólahrepps. Sveitarstjóri lagði fram hugmyndir sínar og Sigurbjargar Daníelsdóttur um "Sigfúsarhátíð" á sumardaginn fyrsta og "Reykhóladag" 24. júní. Enn fremur var rætt um vígslu íþróttahússins. Rætt um að hafa vígsluna laugardaginn 22. apríl.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:05.

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*  
*Guðmundur Ólafsson (sign)*  
*Rebekka Eiríksdóttir (sign)*  
*Pórður Jónsson (sign)*  
*Einar Örn Thorlacius (sign)*